

Svæðisgarður Snæfellinga - Fundargerð

Nefndarheiti: Svæðisgarður - framkvæmdastjórn

Nr. fundar: 2014/2

Staður og stund: Bæjarskrifst.Grundarfjarðar 8.ágúst kl. 9:30-14

Mætt: Eyþór Garðarsson, Þorkell Símonarson, Hallur Pálsson, Sturla Böðvarsson, Kristín Björg Árnadóttir

Forföll: Örvar Marteinnsson

Fundarritari: KBÁ

Dagskrá:

1. Undirbúningur fyrir viðtöl

KBÁ bauð fundargesti velkomna og rætt var um fyrirkomulag viðtalanna, en hjá framkvæmdastjórn liggur að taka afstöðu til 23 umsókna um starf framkvæmdastjóra, en Capacent hefur aðstoðað við undirbúning. Af þeim 23 umsóknum var ákveðið á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar að taka viðtöl við 4 einstaklinga.

Einnig fóru fram umræður um hver fyrstu verkefni verðandi framkvæmdastjóra yrðu og almenn umræða um málefni Svæðisgarðsins.

2. Viðtöl við umsækjendur

Tekin voru fjögur viðtöl við umsækjendur. Hver umsækjandi var með glærukynningu um þeirra sýn á Svæðisgarðinn og að því loknu voru lagðar fyrir spurningar.

3. Tímasetning á næsta fundi

Ákveðið var að leyfa stjórn að íhuga ákvörðun sína yfir helgina og hittast aftur þriðjudaginn 12.ágúst kl 13:30 á sama stað.

Fundi slitið kl 14:00

KBÁ